



## Skýrsla stjórnar FGF starfsárið 2025

Á árunum 2025 voru haldnir reglulegir fundir auk tölvusamskipta milli stjórnarmanna þar sem farið varið var yfir þau mál sem komu upp á hverjum tíma. Rekstur klúbbsins var góður og jafnvægi var á rekstri 2025

Á liðnu starfsári vorum við með 24 vinavelli auk vinavalla í golfhermi Golfhallarinnar. Í byrjun árs 2026 hófum við einnig samstarf með Sweet spot og var almenn ánægja með vinavelli og golfherma.

Notkun á vinavöllum var mun meiri árið 2025 en 2024 og er það vel.

Fjárhagsstaða okkar var óvenju góð í byrjun árs 2025 sem helgast af lélegri nýtingu vinavalla árið 2024. Var ákveðið að spýta í notkun á golfhermum að loknu sumri þar sem fjárhagsstaða okkar var góð og varasjóður var einnig til staðar ef notkun yrði meiri en við réðum við. Við náðum að klára uppsafnað fé með niðurgreiðslu á hermum fyrir félagsmenn og ganga aðeins á varasjóð okkar, sem er einmitt ætlaður til að nota í svona tilfellum.

Ljóst er að félagsmenn eru almennt ánægðir með vinavelli og golfherma sem við bjóðum uppá. Þjónusta við félagsmenn hefur farið vaxandi síðustu ár með notkun golfherma. Félagsgjald var kr. 5.000 árið 2012 og var hækkað í 6.000 árið 2021. Á þessum árum hefur þjónusta við okkar félagsmenn stór aukist með fjölda vinavalla og golfhermum. Stefna okkar er að fjölga samningum við golfherma á fleiri stöðum á landinu á næstu árum og reyna að viðhalda eða fjölga vinavöllum. Vinna er að fara gangi varðandi vinavelli 2026 sem verður kynnt inná FGF.is. og á facebook síðu okkar.

Félagar í Frímanni hefur fjölgað jafnt og þétt og eru félagar 774 um síðustu áramót en voru 649 áramót 2024/25 þ.e. bræður, systur og niðjar. En félagar eru í dag orðnir um 800. Til gamans má geta að félagar voru 238 árið 2016.



Vinna er í gangi að yfirfara félagatal og má búast við að 10-20 detti út en nýir eru að koma í staðin.

Bræðramótið var haldið á Hellu að venju árið 2025 og tókst vel í alla staði 99 bróðir tók þátt í mótinu og veittu fjölmörg fyrirtæki okkur góðan stuðning til að mótið yrði hið glæsilegasta sem það og var. Hangikjötið á sínum stað.

Landsmótið var haldið í Hafnarfirði, á Hvaleyrarvelli. Boðið var uppá veglega setningarathöfn í Ljósutröð, félagsheimili frímúrara. Mótið var afar vel sótt af um 147 bræðrum og systurum í vindasömu veðri. Mótinu var síðan slitið að loknum leik með veislumáltíð og verðlaunaafhendingu í Ljósutröð.

Mótstjórn okkar vann gott starf og skipulag á þessum mótum sem og gjaldkeri okkar og færum við þeim þakkir fyrir. Ákveðið var að næsta Landsmót verði haldið á Akranesi, 18 júlí 2026

Einvígi Frímúrara og Odfellow var haldið á árinu. En það mót hefur verið haldið undanfarinn ár í umsjón Mímisbræðra. Við frímúrar unnum mótið með glæsibrag og bikarinn því komin heim.

Í ár er félagið okkar 25 ára og stefnum við á að halda upp á það með ýmsu mótum í mótum okkar á þessu ári. Jafnframt ætlum við að halda meistaramót Frímanna á erlendri grundu og förum við til Spánar og höldum mótið þar í nóvember á þessu ári. Nú þegar hafa um 60 bræður og systur staðfest þátttöku sína í mótinu.

Að lokum vil ég þakka öllum félugum í stjórn og varastjórn gott samstarf á liðnu ári.

Flutt á aðalfundi 13 mars 2026